

Reglur um tilflutning milli skólahverfa.

Skólaráð leggur til að nemendur Reykjanesbæjar sækji sinn hverfisskóla og er þá miðað við lögheimili foreldra/forráðamanna hér í bæ.

Undantekningar:

- a) Ef nemandi þarf sértæk úrræði sem eru ekki í boði í hans hverfisskóla að mati skólastjóra og sérfræðinga og í samráði við foreldra.
- b) Ef nemandi flyst milli skólasvæða á skólaárinu þá eigi hann kost á að ljúka skólaárinu þar sem hann hóf nám að hausti.
- c) Ef nemandafjöldi einstakra árganga verður mjög misskipt milli skóla. Þá verði nemendum hverfisins boðið að sækja þann skóla sem hefur fámennari bekkjardeildir. Ef til þess kemur að hnika til skólasvæðum vegna íbúabróunar þá verði það tryggt að börn úr sömu fjölskyldu geti sótt sama skóla sé það ósk foreldra/forráðamanna.

Samþykkt í skóla- og fræðsluráði 18. mars 1999

Samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar 6. apríl 1999